

Ríkiskaup
09 905

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---------------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Ríkiskaup

kt. 660169-4749

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ríkiskaup eru miðlæg innkaupastofnun á vegum ríkisins sem skulu með gagnsæjum og hagkvæmum hætti annast innkaup fyrir ríkisstofnanir, rannsaka sameiginlegar þarfir fyrir vörur og þjónustu, beita sér fyrir sameiginlegum innkaupum til þarfa ríkisins og stuðla að þróun skilvirkra innkaupakerfa. Einnig skal stofnunin láta í té aðstoð og leiðbeiningar um útboð og innkaup eftir því sem þörf krefur.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.805,4 milljónir og afkoma kr. -40,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -14,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 482,6 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ríkiskaupa í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ríkiskaupa fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Björgvin Víkingsson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 160.300.000 | 126.700.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 247.797.790 | 246.687.708 |
| Vörusala | 4 | 1.397.011.298 | 1.597.257.798 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 251.736 | 24.800 |
| Tekjur samtals | | 1.805.360.824 | 1.970.670.306 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 385.210.733 | 303.447.626 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 1.455.227.707 | 1.640.170.469 |
| Afskriftir | 8 | 7.557.463 | 6.676.537 |
| Gjöld samtals | | 1.847.995.903 | 1.950.294.632 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (42.635.079) | 20.375.674 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 9 | 3.683.471 | 1.570.995 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 10 | (1.933.519) | (7.901.031) |
| | | 1.749.952 | (6.330.036) |
| Afkoma ársins | | (40.885.127) | 14.045.638 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| | Skýr | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|------|---------------------|--------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 9.297.173 | 8.724.309 |
| Aðrar eignir | | 142.970 | 120.051 |
| | | <u>9.440.143</u> | <u>8.844.360</u> |
| Fastafjármunir samtals | | <u>27.815.203</u> | <u>17.102.438</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | | 35.673.853 | 22.300.327 |
| Tengdir aðilar | 12 | 181.386.053 | (11.390.186) |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 13 | 28.210.469 | 3.039.284 |
| Handbært fé | | 209.542.892 | 175.136.513 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>454.813.267</u> | <u>189.085.938</u> |
| Eignir samtals | | <u>482.628.470</u> | <u>206.188.376</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 14 | | |
| Hrein eign | | (14.564.256) | 26.320.871 |
| Eigið fé samtals | | <u>(14.564.256)</u> | <u>26.320.871</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 12 | 180.756.155 | 8.152.607 |
| Viðskiptaskuldir | | 253.907.612 | 142.167.379 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 15 | 32.528.959 | 29.547.519 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | | 30.000.000 | 0 |
| Skuldir samtals | | <u>497.192.726</u> | <u>179.867.505</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>482.628.470</u> | <u>206.188.376</u> |
| Aðrar upplýsingar | 16 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

| | Skýr | 2021 | 2020 |
|--|------|--------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (40.885.127) | 14.045.638 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 7.557.463 | 6.676.537 |
| | | (33.327.664) | 20.722.175 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (38.544.711) | 37.879.879 |
| Tengdir aðilar | | (8.442.919) | (35.101.864) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 114.721.673 | 71.964.230 |
| | | 67.734.043 | 74.742.245 |
| | | <u>34.406.379</u> | <u>95.464.420</u> |
| Handbært fé frá rekstri | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna | | (14.225.924) | (992.654) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 11 | (4.044.304) | (3.769.882) |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu | | 0 | 0 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 0 |
| | | (18.270.228) | (4.762.536) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 18.270.228 | 0 |
| | | 18.270.228 | 0 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 34.406.379 | 90.701.884 |
| | | 175.136.513 | 84.434.629 |
| | | <u>209.542.892</u> | <u>175.136.513</u> |
| | | <u>209.542.892</u> | <u>175.136.513</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Aðrar eignir | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2021 | 2020 |
|-----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | |
| Fjárveiting ársins | 190.300.000 | 126.700.000 |
| | <u>160.300.000</u> | <u>126.700.000</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|---|---------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 128.800.000 | 0 | 0 | 128.800.000 |
| Millifært úr varasjóð | 1.500.000 | 0 | 0 | 1.500.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 30.000.000 | 0 | 0 | 30.000.000 |
| Fjárveiting til tekna | 160.300.000 | 0 | 0 | 160.300.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ... | (201.185.127) | 0 | 0 | (201.185.127) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (40.885.127) | 0 | 0 | (40.885.127) |

| | 2021 | 2020 |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 3 Seld þjónusta | | |
| Sérfræðiþjónusta | 121.513.654 | 131.175.740 |
| Umboðs- og sölulaun | 115.820.840 | 105.755.339 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 10.035.956 | 9.756.629 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 427.340 | 0 |
| | <u>247.797.790</u> | <u>246.687.708</u> |

| | | |
|--------------------------------------|----------------------|----------------------|
| 4 Vörusala | | |
| Ýmsar vörur | 166.180 | 248.011 |
| Vörusala, umboðs- og endursala | 1.396.845.118 | 1.597.009.787 |
| | <u>1.397.011.298</u> | <u>1.597.257.798</u> |

| | | |
|----------------------------------|----------------|---------------|
| 5 Framlög og ýmsar tekjur | | |
| Ýmsar tekjur | 251.736 | 24.800 |
| | <u>251.736</u> | <u>24.800</u> |

| | 2021 | 2020 |
|---|--------------------|--------------------|
| 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | |
| Laun | 298.858.665 | 242.616.580 |
| Orlof, breyting | 15.601.276 | 2.554.454 |
| Launatengd gjöld | 67.413.297 | 55.842.256 |
| Starfsmannakostnaður | 3.337.495 | 2.434.336 |
| | <u>385.210.733</u> | <u>303.447.626</u> |

| | | |
|------------------------------|------|------|
| Meðalfjöldi stöðugilda | 28,0 | 25,1 |
|------------------------------|------|------|

Skýringar

| | 2021 | 2020 |
|--|---------------|---------------|
| 7 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.022.199 | 405.753 |
| Ýmis tæki og áhöld | 1.217.907 | 231.054 |
| Orkugjafar | 639.493 | 679.327 |
| Matvæli | 4.137.128 | 3.162.616 |
| Almennar rekstrarvörur | 229.960 | 249.422 |
| Vörukaup, almenn | 8.246.687 | 4.728.172 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 1.847.985 | 927.842 |
| Ferðir, uppihald | 1.239.181 | 231.090 |
| Akstur | 230.196 | 434.515 |
| Sérfræðiþjónusta | 24.684.020 | 28.088.614 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 660.802 | 263.864 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 7.711.757 | 9.942.614 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 2.927.171 | 2.731.411 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 39.301.112 | 42.619.950 |
| | | |
| Afnotagjöld | 20.620.413 | 24.754.653 |
| Leigugjöld | 22.175.422 | 21.417.216 |
| Notkun véla og flutningatækja | 48.073 | 181.784 |
| Verkkaup | 3.992.891 | 670.597 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.922.305 | 1.957.344 |
| Opinber gjöld | 4.457.548 | 508.423 |
| Tilfærslur | 43.680 | 5.000 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 54.510.160 | 49.725.537 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 1.455.227.707 | 1.640.170.469 |
| | | |
| 8 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 3.433.090 | 3.682.922 |
| Aðrar eignir | 15.431 | 3.977 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 4.108.942 | 2.989.638 |
| | 7.557.463 | 6.676.537 |
| | | |
| | 2021 | 2020 |
| 9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | |
| Ýmsar fjármunatekjur | 3.683.471 | 1.570.995 |
| | 3.683.471 | 1.570.995 |
| | | |
| 10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | |
| Fjármagnskostnaður | 11.205 | 34 |
| Gengistap, verðbreytingar | 1.922.314 | 7.900.997 |
| | 1.933.519 | 7.901.031 |

Skýringar

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|------------------|------------------|
| 11 Varanlegir rekstrarfjármunir | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 9.297.173 | 8.724.309 |
| Aðrar eignir | 142.970 | 120.051 |
| | <u>9.440.143</u> | <u>8.844.360</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|-----------------------------|---------------------------|----------------|-------------------|
| Staða 01.01.2021 | 31.668.624 | 124.028 | 31.792.652 |
| Viðbætur á árinu | 4.005.954 | 38.350 | 4.044.304 |
| | <u>35.674.578</u> | <u>162.378</u> | <u>35.836.956</u> |
| Afskriftir 01.01.2021 | 22.944.315 | 3.977 | 22.948.292 |
| Afskrift ársins | 3.433.090 | 15.431 | 3.448.521 |
| | <u>26.377.405</u> | <u>19.408</u> | <u>26.396.813</u> |
| Staða 31.12.2021 | <u>9.297.173</u> | <u>142.970</u> | <u>9.440.143</u> |

12 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|--|--------------------|---------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 379.156 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 181.386.053 | (11.769.342) |
| | <u>181.386.053</u> | <u>(11.390.186)</u> |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|--------------------|------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 169.703.306 | 0 |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 11.052.849 | 8.152.607 |
| | <u>180.756.155</u> | <u>8.152.607</u> |

13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | | |
|---------------|-------------------|------------------|
| Skattar | 28.210.469 | 3.039.284 |
| | <u>28.210.469</u> | <u>3.039.284</u> |

14 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

| | | |
|----------------------|---------------------|-------------------|
| Jöfnuður 1.1. | 26.320.871 | (9.459.152) |
| Afkoma ársins | (40.885.127) | 14.045.638 |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(14.564.256)</u> | <u>26.320.871</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| 15 Ýmsar skammtímaskuldir | | |
| Ógreitt orlof | 45.148.795 | 29.547.519 |
| Önnur ógreidd gjöld | (12.619.836) | 0 |
| | <u>32.528.959</u> | <u>29.547.519</u> |

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 23,3 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 7,3 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2020, kr. 1 milljón, er gjaldfærð meðal launa.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.